

Rangárþing ytra
Ágúst Sigurðsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 6. maí 2019
Tilvísun: 201904064 / 5.1

Efni: Urðun salernisúrgangs í Hrafninnuskeri, Rangárþingi ytra - beiðni um umsögn

Efla verkfræðistofa f.h. Ferðafélags Íslands hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttekin 16. apríl 2019, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Rangárþing ytra gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Rangárþing ytra telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Greinargerð framkvæmdaraðila er aðeins send í tölvutækuformi að þessu sinni nema umsagnaraðili óski eftir að fá útprentað eintak.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 23. maí 2019 og einnig á tölvupóstfang: jonsmari@skipulag.is og jakob@skipulag.is.

Jón Smári Jónsson
Jón Smári Jónsson

